

**Nr. 151 / 13 Tjaldanes GK 525*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 239 IMO nr. 6410128  
Smíðaður: Noregi 1964, stál  
Stærð: 196 brl. 290 bt.  
Mesta lengd: 34,09 m Skráð lengd: 30,10 m  
Breidd: 7,20 m Dýpt: 6,15 m  
Vél: M. Blackstone 486 kW, 1979  
Fjöldi skipverja: 9



Tjaldanes©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, og Hilmari Snorrasyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 12. október 2013 var Tjaldanes GK 525 við bryggju í Njarðvíkurhöfn.

Skipverjar voru að taka ís um borð þegar einn þeirra fór niður í lest en rann til í neðsta stigaprepi og féll ofan í fiskikar á lestargólfinu. Hann lenti með annan olnbogan á karbrúninni með þeim afleiðingum að olnboginn bólgaði.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn slasaða var stiginn skrúfaður á karm mannopsins sem kemur niður framarlega í lestinni en hann náði niður undir efri brún neðsta kars á lestargólfinu. Hann var með þrepum úr flatjárnri sem slasaði taldi gott að ganga um því uppstig sé hæfilegt og þrepin séu ekki sleip;
- að sögn slasaða taldi hann stigann vera öruggan.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.